

Samkomulag

Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðuneytis
í tengslum við gildandi kjarasamning aðila frá 21. desember 2009

Um röðunarforsendur prófessora

Í kjarasamningi aðila er stigaröðun að baki starfsheita ekki tiltekin og þó 11. kafli samningsins heimili gerð stofnanasamnings, þá er það ekki skylt. Því hefur skapast visst tómarúm þar sem vísindanefnd og matskerfisnefnd hafa ekki launaráðun á sínum höndum.

Aðilar lögðu röðunarkerfi Kjararáðs til grundvallar við samningsgerðina og vilja staðfesta það hér og ennfremur að breytingar á þeim grundvelli þurfa umfjöllun og samþykki samningsaðila.

Kerfi Kjararáðs var eftirfarandi:

Auk heildarstigafjölda er tiltekinn lágmarksstigafjöldi fyrir kennslu og rannsóknir skilyrði fyrir röðun í launaflokk eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

	Rannsóknarsig	Kennslustig	Heildarstig
prófessor II	270	100	400
prófessor III	400	120	600
prófessor IV	550	150	900
prófessor V	750	180	1200
prófessor VI	1000	180	1600
prófessor VII	1500	180	2000

Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum milli matsþátta á rannsóknastig og/eða kennslustig.

Kjararáð hafði einnig þá verklagsreglu að breytingar sem leiddu til tilfærslu á milli starfsheita tækju gildi frá og með 1. september næst á eftir að gögn um nýtt mat lágu fyrir. Aðilar eru sammála um að viðhalda þeirri reglu.

Lagfæringar á texta nokkurra kjarasamningsgreina


Við lokagerð kjarasamningsins misritaðist grein 1.5. Aðilar eru sammála um að rétt hljóðar hún svo:

1.5 Tímakaup í yfirvinnu


- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokk er 1,0385% af mánaðarlaunum skv. gr. 1.1.1, sbr. þó gr. 1.2.1 um aðra yfirvinnu.
- 1.5.2 Öll vinna sem unnin er á stórhátiðum skv. gr. 2.1.4.3 greiðist með tímakaupi sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum skv. gr. 1.1.1, sbr. þó gr. 1.2.1 um aðra yfirvinnu.
- 1.5.3 Sé yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd samkvæmt timareikningi, skal semja um þá greiðslu yfirfram við viðkomandi starfsmann.
- 1.5.4 Heimilt er að semja sérstaklega um fasta þóknun fyrir yfirvinnu.

Reykjavík, 12. maí 2010

f.h. fjármálaráðherra


Helga Þórhallsdóttir

f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla


Birna M. Guðlaugsson